



Velferðarráð

Tillaga aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks vegna breytinga á fyrirkomulagi varðandi akstursþjónustu fatlaðs fólks.

Á fundi aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks þann 2. mars 2023, var lögð fram meðfylgjandi tillaga aðgengis- og samráðsnefndar vegna breytinga á fyrirkomulagi varðandi akstursþjónustu fatlaðs fólks, sbr. 2. lið fundargerðar aðgengis- og samráðsnefndar frá 16. febrúar 2023.

Tillagan var samþykkt.
Vísað til meðferðar velferðarráðs.

Virðingarfyllst,
Valgerður Jónsdóttir
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt: Tillaga aðgengis- og samráðsnefndar vegna breytinga á fyrirkomulagi varðandi akstursþjónustu fatlaðs fólks

Tillaga aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks vegna breytinga á fyrirkomulagi varðandi akstursþjónustu fatlaðs fólks.

Aðgengis- og samráðsnefnd leggur til að gjaldskrá akstursþjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík verði endurskoðuð á þann hátt að fatlaðir foreldrar þurfi ekki að greiða auka fargjald fyrir börn sín yngri en 16 ára. Á sama hátt þurfi þeir notendur þjónustunnar sem hafa persónulegt aðstoðarfólk ekki að greiða aukalega fyrir það. Að lokum leggur nefndin til að bílstólar og annar öryggisbúnaður sem hentar börnum á mismunandi aldri verði til taks hjá Pant þannig að notendur geti óskað eftir skilgreindum búnaði fyrir hverja ferð sem þönguð er.

Greinagerð:

Rökstuðningur varðandi gjaldskrá: Notendur akstursþjónustu fatlaðs fólks sem eiga börn þurfa, líkt og ófatlaðir foreldrar, að koma börnum sínum á milli staða til dæmis í skóla- og frístundastarf. Í núverandi gjaldskrá þurfa notendur að greiða aukalega fyrir börn sín frá 6 ára aldri. Í dag fá börn á aldrinum 6 til 11 ára frítt í strætó. Þætti því eðlilegra að akstursþjónustan myndi miða við sama aldur að minnsta kosti. Þó væri æskilegra að aldurinn yrði færður í 16 ár því í sumum tilvikum eru börnin að fara á staði þar sem þau þurfa að vera í fylgd með foreldrum t.d. í læknisheimsóknum.

Rökstuðningur varðandi búnað: Í reglugerð um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum nr. 348/2007 kemur fram í 3. gr. að tryggja þurfi að farþegi yngri en 15 ára noti lögbundinn öryggis- og verndarbúnað þegar ökutæki er á ferð. Það eitt og sér segir til um mikilvægi þess að slíkur búnaður sé til staðar í farartækjum á vegum akstursþjónustunnar. Notendur akstursþjónustunnar ættu ekki að þurfa hafa með sér eigin öryggisbúnað, líkt og bílstóla í hverri ferð þar sem börn koma með foreldrum sínum í bíla eða eru sjálf notendur akstursþjónustunnar. Í slíkum tilfellum neyðast farþegar til þess að taka með sér þann umfangsmikla búnað sem fylgir úr bílnum og með sér á áfangastað ferðarinnar sem gerir þeim erfitt fyrir í erindum sínum þegar þau hafa farið úr bílnum.